



## Hreppsnefnd 04.10.07

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 04. okt. 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Halldóra S. Árnadóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundagerð.

Dagskrá:

1. mál Fundagerð hreppsnefndar frá 20. september sl.  
Lögð fram fundagerð hreppsnefndar frá 20. sept. sl.  
Fundagerðin samþykkt samhljóða.

2. mál Fundagerð íþróttá- og æskulýðsnefndar frá 1. okt. sl.  
Lögð fram fundagerð íþróttá- og æskulýðsnefndar frá 1. okt. sl.  
Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 1. tl. fundagerðarinnar. Lagði hann fram bréf Einherja sem var til umfjöllunar á fundinum. Bókun hreppsnefndar að lokinni umræðu svofelld:

Hreppsnefnd tekur undir ábendingar nefndarinnar og felur sveitarstjóra, oddvita og formanni skipulagsnefndar að ræða við forsvarsmenn Einherja í samráði við formann íþróttá- og æskulýðsnefndar um þessi mál og móta áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja og viðhald þeirra.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri kvaddi sér einnig hljóðs undir 2. tl. fundagerðarinnar og gerði grein fyrir umgengni við sundlaug. Kynnti hann og tilkynningu sem send hefur verið í öll hús sveitarfélagsins. Lýsti enn fremur fyrirhuguðu átaki sveitarfélagsins næstu helgar. Lýstu fundarmenn sjónarmiðum sínum og tóku undir að aðgerða er þörf.

Hann gerði og grein fyrir öðrum staflíðum þessa tölulíðar varðandi c-lið er vísað til bókunnar sveitarstjórnar frá 22. mars sl. og afgreiðslu málsins á þeim fundi.

Gerð grein fyrir 3. tl. fundagerðarinnar er fjallar um starf íþróttá- og tómstundafulltrúa Vopnafjarðarhepps, sem auglýst var laust til umsókanar.

Ein umsókn barst frá Gísla Arnari Gíslasyni. Í fundagerðinni er mælt með ráðningu hans. Hreppsnefnd samþykkir viðkomandi ráðningu fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra og oddvita að ganga frá málum í samráði við Einherja en miðað er við að hann verði til helminga starfsmaður hreppsins og Einherja.

Samþykkt samhljóða.

3. mál Fundagerð hafnarnefndar frá 1. okt. sl.  
Lögð fram fundagerð Hafnarnefndar frá 1. okt. sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir tl. 2 í fundagerðinni og kynnti bréf sem ritað hefur verið til Siglingastofnunar varðandi þær framkvæmdir sem í gangi eru í höfninni. Gerði hann og grein fyrir hugsuðum viðbótum og óskum um fjárveitingar til þeirra af ríkisins hálfu. Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að koma á framfæri við

Siglingastofnun athugasemdum vegna minnisblaðs stofnunarinnar með verktökum, þar sem verkkaupi Vopnafjarðarhöfn var ekki höfð með í ráðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar að öðru leyti.

4. mál Erindi til fjárlaganefndar Alþingis frá 28. sept. sl.

Lagt fram til kynningar erindi sem sveitarstjóri ásamt varaoddvita fóru með á fund fjárlaganefndar Alþingis 28. sept. sl. þar sem fallað var um hafnarmál, jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs, fjarskipta- og símamál, Kaupvang, Jónsver, göngubrú yfir Selá, atvinnumál og Vesturfaramiðstöð. Sveitarstjóri fylgdi málinu eftir og gerði kaflann um atvinnumál að sérstöku umtalsefni en þar er meðal annars lagt til

að strax verði skipað í sérstaka verkefnastjórn um byggðaáætlun byggðarlaga utan svokallaðra þenslu- og stóriðjusvæða, sem skipuð verði fulltrúum ríkisvaldsins, viðkomandi sveitarfélaga og atvinnulífsins. Verkefni slíkrar stjórnar verði að vinna tillögur að því hvernig stuðla megi að uppbyggingu atvinnuveganna á þeim svæðum landsins annarsstaðar en á Vestfjörðum, sem skilgreind eru utan þenslu- og stóriðjusvæða. Sérstaklega er hér bent á svæði á norðaustur horni landsins og sitthvoru megin við Mið-Austurland. Brýt er að slíkri vinnu verði flýtt eins og frekast er kostur.

Í umræðunni kom fram hugmynd um að halda sérstaka ráðstefnu um atvinnumál. Sveitarstjóra falið að vinna að undirbúningi slíkrar ráðstefnu.

5. mál. Bílamál slökkviliðs, samkomulag við Flugstoðir ohf. og óskir slökkviliðsmanna um tækja og mannskapsbíl

Lögð fram fundargerð fundar sveitarstjóra og Flugstoða frá 28. sept. sl.

Jafnframt kynnt drög að viljayfirlýsingu milli Vopnafjarðarhepps og Flugstoða um kaup á nýjum slökkviliðsbíl.

Ennfremur kynntar hugmyndir um kaup á nýjum tækja- og mannskapsbíl fyrir slökkviliðið. Vakin er athygli á að tækjabíllinn er fyrstur á vettvangi slysa.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málunum. Fram fór umræða um málið og samstaða um að ljúka því.

Hreppsnefnd samþykkir að óska eftir endanlegum verðtilboðum í slökkvibíl, sem keyptur verður í samvinnu Flugstoða og Vopnafjarðarhrepps og felur sveitar- og slökkviliðsstjóra að vinna að framgangi málsins. Verðtilboð verði unnin á grundvelli þarfaskilgreiningar sem unnin hefur verið af báðum þessum aðilum.

Hreppsnefnd felur einnig sveitar- og slökkviliðsstjóra að leita samninga um kaup á nýjum tækjabíl fyrir slökkviliðið á þeim nótum sem kynntar hafa verið í erindi slökkviliðsins. Jafnframt er lagt til að sótt verði eftir stykjum til tækjabílsins frá ríkisvaldinu og tryggingafélögum, þar sem ljóst er að mikilvægt er fyrir alla þessa aðila að klippur og búnaður sé ávallt tiltækur eins og dæmin sanna.

6. mál. Hraðahindrun á Kolbeinsgötu og merkingar

Gerð grein fyrir fundi, sem oddviti og sveitarstjóri áttu með fulltrúum Vegagerðarinnar á Reyðarfirði og Vopnafirði varðandi vegmerkingar við innkomu í bæinn við Kolbeinsgötu og hraðahindranir á því svæði.

Fram fór lífleg umræða um málefnið og samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að knýja á um lagfæringar á þessum málum til samræmis við niðurstöðu frá umgetnum fundi.

Ennfremur samþykkt samhljóða að fela skipulags- og bygginganefnd að yfirfara merkingar í þéttbýlinu m. t. t. umferðaröryggis og gera tillögur til úrbóta.

7. mál Erindi Vegagerðarinnar frá 21. sept. varðandi heimild til að þinglýsa samningi fyrir vegstæði.

Lagt fram bréf Vegagerðarinnar frá 21. sept. varðandi heimild til þinglýsingar á vegstæði nýs vegar niður til Vopnafjarðar.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga þannig frá málum að unnt verði að þinglýsa gögnum að beiðni Vegagerðarinnar að undangengnu samþykki hlutaðeigandi landeigenda.

Samþykkt þessi gildir einnig fyrir aðra slíka samninga um vegi er liggja í gegnum önnur lönd vegna þessarar vegagerðar. Samþykkt samhljóða.

8. mál Reglugerð um lögreglusamþykktir- Drög.

Lögreglusamþykkt er ekki til fyrir Vopnafjarðarhrepp.

Lögð fram drög að lögreglusamþykkt sem mun gilda fyrir öll sveitarfélög sem ekki hafa sett sér sérstaka samþykkt sjálf.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og greindi frá því að í meginatriðum væri um þrjá valkosti að ræða varðandi afgreiðslu lögreglusamþykktarinnar.

1) Setja sérstaka samþykkt fyrir sveitarfélagið 2) Að sett verði sérstök samþykkt fyrir stærra svæði, til að mynda umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði. 3) Að þessi samþykkt verði látin gilda þegar henni verður lokið.

Afgreiðslu þessa liðar vísað til afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

9. mál Ýmis bréf og mál:

a) Samþykktir frá aðalfundi SSA sem haldinn var á Vopnafirði dagana 21. og 22. sept. sl.

Lagðar fram til kynningar

b) Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldinn 05. og 06. nóv. n. k. í Reykjavík.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.15.